

## Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um löndun á þorski erlendis sem veiddur var á Íslandsmiðum og stærðarflokkun þorskaflans á árunum 1930–80.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum tonnum af þorski, sem veiddur var eða skráður sem þorskaflí á Íslandsmiðum, var landað á árunum 1930–80 í Bretlandi af breskum skipum, sundurliðað eftir árum? Hve mikið af þessum afla var flokkað sem þyrsklingur („codling“) í tonnum talið og sem hlutfall af heildarafla þorsks af Íslandsmiðum á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hve miklu var landað af íslenskum skipum á sömu árum í Bretlandi eða öðrum löndum, sundurliðað eftir stærðarflokkum og árum?*
3. *Hversu mikill var þorskaflí annarra þjóða en Breta og Íslendinga á tímabilinu, sundurliðað eftir árum?*
4. *Er til sundurliðun um stærðarsamsetningu þorsks í skráðum heimildum um þorskafla annarra þjóða en Breta og Íslendinga og ef svo er, hvernig er stærðarsamsetning aflans og um hvaða stærðarviðmið er að ræða? Er til stærðarflokkur sambærilegur við þyrskling („codling“) sem seldur var í Bretlandi á áðurnefndu tímabili og ef svo er, hvert er magn hans í tonnum og hlutfall af heildarþorskafla?*
5. *Hversu miklu var landað af þorski til fiskmjölsframleiðslu hérlendis á áðurnefndu tímabili, sundurliðað eftir árum og veiðarfærum?*
6. *Hvar var aflinn veiddur og á hvaða höfnum eða hjá hvaða fiskimjölsverksmiðjum var landað?*

1. Upplýsingar um afla Breta á Íslandsmiðum á árunum 1930–80 er að finna í töflu 1. Þar koma einnig fram upplýsingar um hlut Íslendinga í heildarþorskafla á Íslandsmiðum, svo og hlut annarra þjóða en Breta. Taflan var unnin hjá Hafrannsóknastofnuninni og eru tölurnar fengnar úr skýrslum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélaginu virðast ekki vera til upplýsingar um stærðarflokkun þorskafla. Bretar gefa árlega út eigin aflatölur og þar er afli af heimamiðum aðgreindur eftir stærðarflokkum (large, medium, small, unsorted) en afli af fjarlægum miðum er ekki stærðarskiptur.

Tafla 1. Þorskafla á Íslandsmiðum 1930–1980 (þús. tonn).

Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls	Ár	Íslendingar	Bretar	Aðrir	Alls
1930	306.994	119.120	113.400	539.514	1960	295.668	109.414	59.941	465.023
1931	263.792	140.898	124.380	529.070	1961	233.874	96.539	44.503	374.916
1932	242.703	164.837	134.457	541.997	1962	221.820	105.144	59.912	386.876
1933	288.606	157.639	137.962	584.207	1963	232.839	123.185	54.026	410.050
1934	263.925	145.597	94.789	504.311	1964	273.584	122.207	37.814	433.605
1935	214.041	153.444	92.450	459.935	1965	233.483	128.136	32.722	394.341
1936	120.799	140.639	70.325	331.763	1966	223.974	109.038	24.385	357.397
1937	127.946	144.312	72.304	344.562	1967	193.449	126.566	25.439	345.454
1938	134.371	128.160	79.686	342.217	1968	227.594	111.571	42.790	381.955
1939	142.485	115.000	51.964	309.449	1969	281.680	95.386	29.858	406.924
1940	153.486	0	15.729	169.215	1970	302.875	125.235	43.783	471.893
1941	162.751	0	17.334	180.085	1971	250.325	157.717	46.017	454.059
1942	187.274	0	17.275	204.549	1972	225.354	144.207	29.635	399.196
1943	202.063	0	17.073	219.136	1973	235.184	121.320	23.381	379.885
1944	223.490	0	18.737	242.227	1974	238.282	115.465	21.240	374.987
1945	221.611	0	18.198	239.809	1975	264.975	90.993	15.023	370.991
1946	210.325	36.846	29.476	276.647	1976	280.832	53.534	13.997	348.363
1947	217.494	52.369	35.398	305.261	1977	329.676	0	10.375	340.051
1948	195.319	90.702	37.517	323.538	1978	319.648	0	8.572	328.220
1949	221.419	91.125	51.423	363.967	1979	360.080	0	7.936	368.016
1950	197.433	108.901	57.621	363.955	1980	429.044	0	6.000	435.044
1951	183.252	103.485	59.945	346.682					
1952	237.314	94.568	68.061	399.943					
1953	263.516	173.798	88.576	525.890					
1954	306.191	165.694	75.645	547.530					
1955	315.438	138.705	83.987	538.130					
1956	292.586	127.786	60.337	480.709					
1957	247.087	144.265	60.557	451.909					
1958	284.407	150.517	73.759	508.683					
1959	284.259	112.740	55.505	452.504					

2. Upplýsingar um þorskafla íslenskra skipa sem landað var í Bretlandi eru til frá árinu 1965 og eru þær fengnar frá Fiskifélaginu. Fyrir árabilið 1930–64 eru til tölur um heildarmagn og heildarverðmæti landaðs afla í Bretlandi, en þær tölur eru ekki alltaf sundurliðaðar eftir tegundum.

**Löndun á þorski í Bretlandi af enskum skipum.**

Ár	Tonn
1965	11.391
1966	7.874
1967	7.494
1968	7.442
1969	7.217
1970	7.918
1971	5.848
1972	4.811
1973	182
1974	3.365
1975	1.664
1976	1.207
1977	
1978	10.577
1979	17.399
1980	19.371

3. Tölur um þorskafla annarra þjóða en Breta og Íslendinga koma fram í töflu 1.

4. Ekki tókst að afla upplýsinga um stærðarflokkun þorskafla en samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni er ekki vitað um skráðar heimildir um sundurliðun aflans eftir stærðarflokkum. Á vinnunefndarfundum ICES á sjöunda og áttunda áratugnum, þar sem fjallað var um ástand þorskstofnsins við Ísland, lögðu Bretar og Þjóðverjar fram gögn um aldursdreifingu þorsks í afla þeirra á Íslandsmiðum fyrir árin 1955–76. Þessar tölur hafa þó aldrei verið birtar í skýrslum ráðsins. Fiskifélagið á ekki til gögn varðandi þennan lið.

5. Upplýsingar um þorskafla sem ráðstafað var til bræðslu eru til fyrir hvert ár hjá Fiskifélaginu frá árinu 1965 en ekki er hægt að tengja upplýsingar um þann afla sem fór í bræðslu við tegund veiðarfæra sem hann var veiddur með. Í töflu 2 er þorskafla árin 1965–80, sem ráðstafað var til bræðslu, skipt eftir landshlutum.

---

**Tafla 2. Þorskaflí 1965–1980 í tonnum — ráðstafað í bræðslu, skipt eftir landshlutum.**


---

Ár	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austur- land	Allt landið
1965	6	19	35	10	2	5	31	<b>109</b>
1966		12	8	36			21	<b>77</b>
1967	13	30	76	24		13	22	<b>179</b>
1968	84	14	11	47	22	184	56	<b>418</b>
1969	354	588	47	122	5	116	136	<b>1.368</b>
1970	8	8		168		52	88	<b>323</b>
1971	23	5			8	7	7	<b>50</b>
1972	19	12	120	1	7	15	17	<b>189</b>
1973	3	219	23	11	1	53	3	<b>313</b>
1974	17	37	5	14	27	44	33	<b>178</b>
1975	7	4	43	2	24	23	1	<b>102</b>
1976	4	5	8	6	13	8	0	<b>45</b>
1977		7	1	5	2	39	2	<b>57</b>
1978	3	10	4	14	14	87	10	<b>143</b>
1979	2	7	1	2	5	5	3	<b>25</b>
1980		11	204	0	2	1	48	<b>266</b>

6. Ekki er unnt að fá upplýsingar um hvar sá afli var veiddur sem fór í bræðslu. Í töflu 2 kemur aftur á móti fram í hvaða landshluta þorskaflinn var unninn.